

Veiðifélag Laxdæla

Félagsfundur

14. janúar 2022

Fundur haldinn á Vínlandssetri kl 20:00

Fundinn sátu: F.h. Fjósa Pálmi Jóhannson, f.h. Hrappsstaða Svavar Jensson, f.h. Spágilsstaða Gísli Þórðarson, f.h. Goddastaða Jóhanna María Sigmundsdóttir, f.h. Lambastaða Einar Kristjánsson, f.h. Sámsstaða 1 Sigurður Eyjólfsson, f.h. Sámsstaða 2 Sigurður Eyjólfsson, f.h. Sámsstaða 3 Jón Steinar Eyjólfsson, f.h. Pálssels Ólafur Sveinsson, f.h. Lambeyra Skúli Einarsson, f.h. Svarfhóls Harald Óskar Haraldson, f.h. Engihlíð Harald Ó Haraldson, f.h. Leiðólfstaða Unnsteinn Hermannsson, f.h. Hornstaða Ólafur Sveinsson, f.h. Höskuldsstaða Harald Óskar Haraldsson, f.h. Sauðhúsa Jón Egilsson, f.h. Saura Jófríður Benediktsdóttir og f.h. Ás Sæmundur Jóhannsson.

1. Setning fundar

Ólafur Sveinsson setur fundinn og tilkynnir að stjórn Veiðifélags Laxdæla hafi ákveðið og samykkt að gefa minningarsjóði Silfurtúns 50.000 kr í minningu Jóhanns Sæmundssonar sem lést 4. september síðasliðinn. Mínútu þögn til heiðurs Jóhanni sem sat í stjórn félagsins í tæp 40 ár.

2. Skipun fundarstjóri og fundarritara

Tillaga að Heiðrún Sandra Grettisdóttir stjórnaði fundi sem var samþykkt samhljóða. Tillaga að ritara Pálmi Jóhannsson sem var samþykkt samhljóða. Kjörbréf yfirfarin og samþykkt.

3. Framkvæmdir í Þrándargili

Ólafur Sveinsson fer yfir fyrirhugaðar framkvæmdir. Gunnlaugur Sigurgeirsson húsasmíðameistari hefur yfirumsjón með verkinu. Jón Steinar upplýsir fundinn um breytingarnar á húsnæðinu sem framundan eru.

4. Fjármögnun

Ólafur Sveinsson fer yfir fjármögnun verksins. Áætluð kostnaðaráætlun verksins hljóðar uppá 115.000.000 milljónir króna, auk þess er gert ráð fyrir ófyrirséðum kostnaði að anvirði sem nemur 30% af kostnaðaráætlun. Arion banki sér um fjármögnun fyrir félagið að andvirði 70% af kostnaðaráætlun. Verið er að skoða að virðisaukaskattskrá húsið. Fundurinn þarf að samþykkja lántöku.

PS

Fyrirspurnir:

Skúli Einarsson spyr um lánakjör. Ólafur Sveinsson svarar.

Fundurinn samþykkir heimild til stjórnar um allt að 115 milljón króna lántöku samhljóða.

5. Samningur við Hreggnasa

Ólafur Sveinsson tekur til máls og kynnir nýjan samning um leigu á Laxá í Dölum.

Samningurinn er samskonar og fyrri ár nema kjörin eru mun betri.

Skúli tekur til máls og leggur til að koma inn uppsagnarákvæði í samninginn, að hægt sé að segja samningnum fyrir upp.

Ólafur Sveinsson tekur til máls og fer yfir þá vinnu sem búið er að leggja í með núverandi samning.

Jón Steinar tekur til máls og fer nánar út í vinnuna við núverandi samning.

Skúli tekur aftur til máls og kemur þá fram með skriflega breytingatillögu sem hljóðar svona; "Félagsfundur Veiðifélags Laxdæla samþykkir samning sem gerður var með þeim breytingum að samningur sé uppsegjanlegur eftir 5 ár og að grunn verðmiðinn verði árið 2022". Tillagan borin til atkvæða, tveir samþykkir en fundurinn fellir tillöguna.

Núverandi samningur borinn undir fundinn og hann samþykktur með einu atkvæði gegn samningnum.

6. Önnur mál

Skúli tekur til máls og talar um að veiðistaðamerkingar séu óskýrar og vill að það sé skoðað.

Jón Steinar svarar fyrirspurn og segir að sú vinna sé komin vel á veg. Jafnframt biðlar hann félagsmenn til að koma sunnudaginn 16. Janúar í tiltekt í Þrándarkoti.

Jón Egilsson tekur til máls og fer yfir veiðistaðamerkingar.

Unnsteinn Hermannsson tekur til máls og kemur með þá hugmynd að selja landið Þrándargil og fer yfir vangaveltur sínar um hvar landamerki liggja.

Skúli tekur til máls og spyr út í arð Þrándargils úr ánni og í hvað hann fari. Jón Steinar svarar að hann sé notaður til viðhalds og rekstur húsnæðisins.

Svavar Jensson tekur til máls og spyr hvar vinnan við arðskrána standi. Jón Steinar svarar að hún sé nánast tilbúin og verði afhent innan skamms.

Fleira ekki gert Ólafur Sveinsson slítur fundi kl 21:15

Stjórn Veiðifélags Laxdæla

Ólafur Sveinsson

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Ólafur Sveinsson', written in a cursive style.

Jón Steinar Eyjólfsson

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Jón Steinar Eyjólfsson', written in a cursive style.

Pálmi Jóhannsson

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Pálmi Jóhannsson', written in a cursive style.

Harald Óskar Haraldson

Jón Egilsson